

Fundargerð nr. - 7

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	miðvikudagur 22. október 2021
Fundartími:	11:00– 12:30
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti/formaður nefndar Heimir Rafn Bjarkason Stefán Geirsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson stýrði fundi.
Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fasteignir

Lögð fram kostnaðaráætlun frá umsjónarmanni fasteigna dags. 19. október 2021. Áætlunin byggir á yfirferð og mati deildarstjóra, húsvarða og umsjónarmanns á viðhaldspörf fasteigna til næstu ára. Sveitarstjórn hefur fundað með umsjónarmanni fasteigna og gert ákveðnar tillögur um forgangsörðun. Framkvæmda- og veitunefnd tekur undir áherslur sveitarstjórnar og forgangsörðun verkefna, en bendir á að þök í Þjórsárverri og á Krakkaborg eru með „alusink“ klæðningu, eru ekki orðin 10 ára ennþá. Þau ættu ekki að þurfa málningu næstu 5 ár þannig að með því gæti sparast 5 millj. til viðbótar á næstu árum.

2. Vatnsveitumálin

Vinna stendur yfir við að svera lagnir að íbúðabygg og atvinnufyrirtækjum á svæði Hnauss jarðanna og mun því ljúka fyrir áramót. Framkvæmda- og veitunefnd bendir á að mikilvægt er að áfram verði unnið styrkingu veitunnar með tilliti til þéttingar byggðar. Sérstaklega þarf að skoða möguleika veitna til þess að þjóna nýjum íbúðarsvæðum og forgangsraða verkefnum samkvæmt því. Framkvæmda og veitunefnd leggur áherslu á að skoða nánar möguleika Flóahrepps til þess að styrkja veituna með samstarfi við nágretta í Grímsness- og Grafningshreppi. Mikilvægt er að láta yfirfara samninga um vatnstöku.

3. Flóaljós

Sveitarstjórn hefur tekið jákvætt í hugmyndir um að gera fastan samning við GD um aðstoð og eftirlit með ljósleiðarakerfi Flóaljóss. Mikilvægt er hafa öll mál tengd fjarskiptakerfinu í föstum skorðum og að markvisst sé haldið utan um þau verðmæti sem liggja í veitukerfinu.

4. Skipulag lóða

Efla vinnur áfram að skipulagi í Heiðargerði, Þingborg og Flóaskóla. Niðurstöður eru væntanlegar í byrjun nóvember

5. Önnur mál t.d umræða um framtíð sorphirðu.

Umræða varð um nýja lagasetningu varðandi úrgangsmál og kröfur um breytingar á fyrirkomulagi við innheimt sorphirðugjalda 2023. Það liggur fyrir að sveitarfélaginu verður ekki heimilt að niðurgreiða þennan málaflokk og notendur þurfa að greiða samkvæmt innvigtuðu magni.